



Félagseldri borgara í Garðabæ

| Bæjarskrifstofur Garðabæjar |            |
|-----------------------------|------------|
| Mótt.dags.                  | 04.06.2018 |
| Málalýkill                  | 02.50      |
| Mál nr.                     | 1806030    |

Garðabær 31. maí 2018

Til bæjarstjórnar Garðabæjar

Stjórn Félagseldri borgara í Garðabæ fundaði með Janusi Guðlaugssyni frá Janusi heilsuefningu þann 18. maí s.l.

Janus kynnti stjórninni verkefni, sem hann hefur stýrt með eldri borgurum á Reykjanesi og í Hafnarfirði. Árangur á þeim stöðum sýnir sig í betri færni fólks til sjálfstæðs lífs. Þetta er þjálfunartengd heilsuefning þar sem skipulögð hreyfing kemur í stað kyrrsetu með tilheyrandi hrörnun. Þessi nálgun hljómar vel með heilsuefandi Garðabæ.


Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á <https://www.janusheilsuefning.is>

Sú staðreynd að 98,4% fjárveitinga ríkisins til heilbrigðisgeirans fari í viðgerðir á því sem þegar er bilað og skemmt í heilsufari fólks en aðeins 1,6% í fyrirbyggjandi viðhald er þyngrí en tárum taki.

Það væri sérlega gleðilegt ef hægt væri að nefna samstarf bæjarins og FEBG um þetta verkefni á 25 ára afmælishátíð FEBG sem haldin verður í sal Sjólandsskóla þann 16. júní n.k. kl 15:30. Bæjarfulltrúar eru meir en velkomnir sjái þeir sér fært að mæta.

Við óskum nýrri bæjarstjórn Garðabæjar velfarnaðar í störfum sínum og vonumst til áframhaldandi frábærs samstarfs.

Fyrir hönd stjórnar Félagseldri borgara í Garðabæ

  
Stefanía Magnúsdóttir formaður

